

Loðvíðir 'Koti'

Salix lanata 'Koti'

Ætt: Víðiaett – Salicaceae

Hávaxinn loðvíðir með einstaklega fallegt upprétt, hálfkúlulaga vaxtarlag.



Lýsing: Hávaxinn, hálfkúlulaga karlkyns loðvíðir með upprétt vaxtarlag. **Blöð** eru þykk og breið, eggjala til hjartalaga, hvítloðin báðu megin. Áberandi axlarblöð. **Greinar** eru uppréttar, brúngráar með gráloðnum árssprotum. **Haustlitir** eru gulir en koma vanalega seint. **Blómstrar** frá byrjun júní gulum karlkyns rekum. Er mjög blómsæll og sérlega blaðfallegur. Verður um 1,5-1,8 m hár og álíka breiður. Meðalhæð eftir 5 ár er um 1,2 m við góðar aðstæður (í Laugardal).

Uppruni: Loðvíðir er af íslenskum uppruna, kemur upphaflega úr Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1980. Yrkið 'Koti' var valið fyrir Ræktunarstöðina árið 1996 úr mismunandi klónum sem gróðursettir voru af Reykjavíkurborg í borgargarð við Landakot árið 1986. Nafnið er dregið af Landakoti.

Notkun: 'Koti' er mjög sólelskur og hentar því best með lágvaxnari runnum eða fjölæringum



Blöðin á 'Koti' eru einstaklega falleg, breið og þykk með fallega hvíta eða gráleita hæringu. Árssprotar eru gráloðnir en greinar brúngráar.



Loðvíðir 'Koti' í náttúrulegu umhverfi. Fallegt, kúlulaga vaxtarlag.



Loðvíðir 'Koti' í Yndisgarðinum á Blönduósi í september 2016. Farið að bera á gulum haustlitum. Gróðursettur 2011.

en getur staðið sólmegin í trjábeðum. Hann hentar jafnframt vel sem fósturrinni sunnan megin í skjólbeltum. Hafa ber í huga að loðvíðir laufgast seint á vorin og skyggir almennt lítið undir sér og er því er ákjósanlegt að hafa skuggþolnari jarðlæga runna eða fjölæringa undir honum og fyrir framan í jöðrum til að halda illgresi í skefjum. Í náttúrusvæðum og óræktuðu landi hentar loðvíðir vel einn sér eða með gulvíði. Bil milli plantna ætti að vera 0,8-1,2 m. Loðvíðir er einnig góð landgræðsluplanta enda nægjusamur og harðger en í rýru landi er vöxtur hans minni.

Ræktun og harðgeri: Mjög harðger runni sem þrífst vel við flestar íslenskar aðstæður. Eins og aðrar víðitegundir er 'Koti' mjög sólelskur og lætur fljótt á sjá ef hann fær ekki næga birtu. Þrífst best í vel framræstum frjósömum jarðvegi en þolir ýmsar jarðvegsgerðir. 'Koti' hefur vaxið áfallalaust í Reykjavík um langt skeið og þrífst vel bæði í yndisgarðinum á Blönduósi og í Sandgerði og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C.

Umhirða: Umhirða á 'Koti' er ekki mikil og í flestum tilvikum óþörf. Hann þolir hinsvegar mikla klippingu og má endurnýja með því að klippa alveg niður.

Óþrif og skaðvaldar: Lítið hefur borið á skemmdum af völdum skordýra eða sjúkdóma. Af og til má þó sjá lítillegt víðiryð á blöðum án þess að það valdi skaða.

Fjölgun: Loðvíði 'Koti' er fjölgað með vetrargræðlingum.



Uppréttar greinar með gráloðnum árssprotum.



Loðvíðir 'Koti' í Laugardal 2002.



Loðvíðir 'Koti' aftan við hélurifs í beði á Hvanneyri. Myndin er tekin 15. júní 2015 og sýnir hvað hann laufgast seint. Jarðlægir runnar eða fjölæringar sem laufgast fyrr henta því vel með loðvíði.